

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/87/EB

2001/EES/46/12

frá 13. nóvember 1998

um breytingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fódurs(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fódurs⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/47/EB⁽²⁾, einkum e-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 4. lið E-liðar í VII. þætti XV. viðauka við aðildarlögin er Konungsríkinu Svíþjóð heimilt að viðhalda, til 31. desember 1997, löggjöf sinni, þar sem mælt er fyrir um að tilgreina skuli fosfórinnihald í merkingu fódurblandna handa fiskum.

Samkvæmt XV. viðauka við framangreind aðildarlög ber Svíþjóð að láta ítarlegan vísindalegan rökstuðning fylgja beiðni um aðlögun á löggjöf bandalagsins með tilliti til fyrrnefnds steinefnis.

Svíþjóð sendi rökstuðning 5. júní 1997.

Í tilskipun 79/373/EBE er kveðið á um reglulega uppfærslu á viðaukanum við hana með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.

Fosfórauðgun raskar vistfræðilegu jafnvægi stöðuvatna og sjávar. Algeng áhrif ofauðgunar í stöðuvötnum eru bláþörungablómi, súrefnisskortur, mikill fiskadauði og skerðing í fjölbreytni lífríkisins.

Nauðsynlegt er því að halda losun fosfórs í algjöru lágmarki. Lögboðin tilgreining fosfórinnihalds í merkingu fódurblandna handa fiskum myndi stuðla að því að þetta markmið náist og auðvelda góðar starfsvenjur við fódurgjöf.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 79/373/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 30. júní 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júlí 1999.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. nóvember 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB L 318, 27.11.1999, bls. 43, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2000 frá 2. október 2000 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 59, 14.12.2000, bls. 1.

(¹) Stjttíð. EB L 86, 6. 4. 1979, bls. 30.

(²) Stjttíð. EB L 211, 5. 8. 1997, bls. 45.

VIÐAUKI

Í stað þáttarins „Heilfóður“ í B-hluta viðaukans komi eftirfarandi:

„Heilfóður	— Hráprótín	}	Dýr önnur en gæludýr nema hundar og kettir	}	Gæludýr önnur en hundar og kettir
	— Hrá olía og fita				
	— Hrárefjar				
	— Hráaska				
	— Lýsín		Svín		Dýr önnur en svín
	— Metíónín		Alifuglar		Dýr önnur en alifuglar
	— Systín		}	Öll dýr
	— Preónín			
	— Tryptófan			
	— Orkugildi			Alifuglar (samkvæmt aðferð bandalagsins)
				Svín og jörturdýr (samkvæmt opinberum, innlendum aðferðum)
	— Sterkja		}	Öll dýr
	— Heildarinnihald sykurs (sem súkrósi)			
	— Heildarinnihald sykurs ásamt sterkju			
	— Kalsíum			
— Natríum				
— Magnesíum				
— Kalíum				
— Fosfór		Fiskar aðrir en skrautfiskar		Dýr önnur en fiskar nema skrautfiskar“	